

L Ö G

107

31. des.

um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 8. gr. laganna orðist þannig:

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 1200 kr., en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 600 kr. til hvers þeirra og greiðast úr rikissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

108

31. des.

um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp,
sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera byggingarsamþykkt fyrir sýsluna. Undanþegnir þessu ákvæði eru löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt l. nr. 19 frá 20. okt. 1905.

Setji löggiltur verzlunarstaður sér síðar sérstaka samþykkt, þá eru þau kaupún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar sýslunnar.

2. gr.

Sýslunefnd skal kjósa nefnd manna, er semur frumvarp að byggingarsamþykkt og leggur það síðan fyrir sýslunefnd til samþykktar.

Sýslunefndin kveður að því loknu til fulltrúafundar á því svæði, er samþykktinni er ætlað að ná til, og skal hver hreppsnefnd tilnefna 2 fulltrúa á fundinn. Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefur kosið til þess, boðar til fundar og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, sem um getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, sem sýslunefndin hefur áður samþykkt. Fallist fundurinn á frum-

108 varpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða mættu fulltrúa, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Samþykki fundurinn breytingar á frumvarpinu, skal það aftur lagt fyrir sýslunefnd, og getur hún enn breytt því, þó því aðeins, að $\frac{2}{3}$ sýslunefndar greiði þeim breytingum atkvæði. Skal frumvarpið síðan sent stjórnarráðinu til staðfestingar. Vilji stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþykktarinnar, þá skal leggja þær breytingar fyrir sýslunefnd. Samþykki hún eigi breytingarnar, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta samþykktina, nema einhver ákvæði hennar séu lögum gagnstæð.

Frumvarp til samþykktar, sem ekki hefur náð $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða á fulltrúafundi, er fallið, og má eigi bera það upp að nýju í sýslunefndinni, fyrr en á næsta aðalfundi hennar.

Staðfestar byggingarsamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

4. gr.

Í byggingarsamþykkt skal ákveða, að í hverjum hreppi skuli vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn, skulu 2 vera kosnir af hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlangs tíma og hreppsnefndarinnar. Enn fremur skal þar ákveðið, að sýslunefnd ráði byggingarfulltrúa í samráði við stjórn teiknistofu landbúnaðarins og stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands, og er hann jafnframt formaður allra byggingarnefnda hreppanna. Heimilt er 2 eða fleiri sýslufélögum að hafa sameiginlegan byggingarfulltrúa.

Laun byggingarfulltrúa greiðist af þessum aðilum: Sýslusjóði að $\frac{1}{3}$, nýbýlasjóði að $\frac{1}{3}$ og byggingarsjóði að $\frac{1}{3}$.

Oddviti sýslunnar annast greiðslu til fulltrúans.

5. gr.

Í byggingarsamþykktum skulu vera fyrirmæli um:

1. Að ákveða legu og afstöðu nýrra bygginga úr varanlegu efni, sömuleiðis bygginga, þótt ekki séu úr varanlegu efni, ef þeim er fyrirhugaður staður fast við íbúðarhús eða í nágrenni þess.
2. Eftirlit með byggingarframkvæmd þeirri, er um ræðir í 1. lið. Byggingarnefnd hefur í því sambandi heimild til að heimta, þegar byggja skal nýtt hús, að uppráttur af húsinu sé lagður fram, að þær breytingar séu gerðar á húsinu, er henni þykir ástæða til, og að ákveða, að hús, sem ætluð eru til atvinnurekstrar, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin sem henni þykir þörf á eða gildandi lög um brunamál skipa fyrir. Enn fremur hafi nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og hafi eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni.
3. Að enginn megi byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar.
4. Að ef einhver byrji á smíði slíkra húsa án leyfis nefndarinnar eða byggi öðruvísi en hún hefur ákveðið, þá skuli hann og yfirmsiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renni í sýslusjóð, og þar að auki geti nefndin látið rífa niður á kostnað eiganda, það sem gert hefur verið, ef henni þykir ástæða til. Sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem lög þessi taka til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.
5. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og ihlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
6. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um, að bætt verði úr því, sem áfátt er samkvæmt þeim reglum,

er þar um gilda. Þar, sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslunnar, er heimilt að ákveða, að hlutaðeigandi stjórn mjólkurbús hlutist til um, að byggingarfulltrúi fái afrit af skýrslu dýralæknis um þau atriði, sem áfátt er og máli skiptir í þessu sambandi. **108** 31. des.

Verkefni byggingarnefndar er: 6. gr.

1. Að veita byggingarleyfi.
2. Að hafa umsjón með því, að byggingarsamþykktum og skipulagsuppráttum sé fylgt.

7. gr.

Hver byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti einn fund á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegum framkvæmdum.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsbúum með hæfilegum fyrirvara, enda hafi byggingarfulltrúi undirbúið fundinn, svo að unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

Nefndin skal halda sérstaka fundarbók, er hún ritar í allar gerðir sínar, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og rittföng greiðist af sýslusjóði. Þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar, og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns teiknistofu landbúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

9. gr.

Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingarfulltrúa vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef þess er óskað. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni ekki sjaldnar en 5. hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi. Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í byggingarsamþykkt.

10. gr.

Nú hefur húsagerðarsamþykkt verið sett samkv. l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og er þá stjórn þeirra mála heimilt að ráða byggingarfulltrúa, sem starfar á því svæði, er samþykktin gildir fyrir, til þess að hafa á hendi jafnframt því starfi sínu framkvæmdastjórn við hinar fyrirhuguðu byggingarframkvæmdir að fengnu samþykki sýslunefndar og teiknistofu landbúnaðarins.

11. gr.

Sýslunefnd hefur heimild til, í samráði við byggingarfulltrúa og teiknistofu landbúnaðarins, að semja sérstaka reglugerð um byggingu húsa úr varanlegu efni, svo sem styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirkleðningu, raflagnir o. s. frv. Reglugerð þessi öðlast því aðeins gildi, að hún hafi hlotið staðfestingu stjórnarráðsins.

1945

254

108

12. gr.

31. des. Með mál um brot á samþykktum, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál, og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

109

L Ö G

31. des.

um togarakaup ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 30 togara erlendis með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 60 millj. króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

110

L Ö G

31. des.

um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um váttryggingarfélag fyrir vélbáta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1946“ í ákvæði til bráðabirgða í lögnum, sbr. lög nr. 15 24. marz 1944, komi: til ársloka 1948.